

Fundur hjá Rótarýklúbb Kópavogs 3. september 2019.

Fundurinn var 4. fundur starfsársins og fundur nr. 2907 frá upphafi. Fundurinn fór fram í Skátaheimilinu í Lækjarbotnum í umsjón Landgræðslunefndar. Á fundinn mættu 12 félagar sem gerir 41% mætingu.

Forseti setti fund kl. 19:30 en áður höfðu klúbbsfélagar borið lífrænan áburð á trjáplöntur á svæði klúbbsins í brekkunum í Lækjarbotnum undir styrkri forystu Ólafs Wernerssonar í yndislegu veðri. Ólafur hafði einnig útvegað kvöldverðarveitingar sem menn neyttu að verki loknu. Ekki var lesin fundargerð né flutt 3ja mínútna erindi. Þetta var prýðilegur fundur og ágæt áburðardreifing í brekkunum í yndislegu veðri.

Forseti gerði grein fyrir efni fundarins og minnti á næstu fundi.

Guðmundur Lýðsson kynnti frumsýningu kvikmyndar og dreifði boðsmiðum. Loks risu menn úr sætum og fóru með fjórprófið. Forseti sleit fundi kl. 19:40.